

UNIVERSITY COLLEGE LONDON

University of London

EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS

For The Following Qualification:–

B.A.

Scand. Studs. SC1190: Basic Modern Icelandic

COURSE CODE : SCAN1190

UNIT VALUE : 1.00

DATE : 28-APR-05

TIME : 14.30

TIME ALLOWED : 3 Hours

Answer ALL questions.

A. (60%) Read the following text carefully and answer questions 1-7 below in your Answer Book:

Ég þekkti einu sinni stelpu sem vildi ekki láta greiða á sér hárið. Stelpan hét Arnfríður. Margir krakkar í skólanum voru skíthræddir við hana. Hún var algjör vargur, og hún öskraði og öskraði þegar mamma hennar reyndi að greiða henni:

‘Ég vil ekki láta greiða mér!’

5 ‘Elsku Arnfríður mín!’ sagði mamma hennar. ‘Ekki láta svona! Ég ætla að greiða flókann úr hárinu á þér. Þú ert með stóran flóka hérna í hnakka. Leyfðu mér að greiða á þér hárið svo þú verður fín, gerðu það elskan!’

‘Ég vil ekki láta greiða mér!!’

‘Jæja þá, eigum við að athuga hvort pabbi getur greitt flókann í burtu?’

10 ‘Ég vil ekki láta greiða mér!!!’

‘Heyrðu, Arnfríður!’ sagði pabbi hennar. ‘Nú ætla ég að greiða þér, og þú lætur ekkert í þér heyra á meðan! Skilurðu það?’

‘Ég VIL ekki láta greiða mér!!!’

15 Og hún beit pabba sinn í fingurinn. Þá varð pabbi reiður, og hann lagði frá sér hárburstann og sagði:

‘Allt í lagi Arnfríður. Ef þú vilt ekki láta greiða þér, þá skal ég ekki lengur skipta mér af hárinu á þér.’

Og nú var Arnfríður ánægð. Það var enginn sem skipti sér af hárinu á henni. En flókin í hnakkanum stækkaði og stækkaði...

20 ‘Ég VIL vera svona,’ sagði Arnfríður. ‘Mér finnst þetta flott!’

Smám saman var hvert einasta hár á höfðinu á henni komið í eina bendu*. Og fólk horfði á eftir henni úti á götu og sagði: ‘Rosalega skrytið er hárið á stelpunni þarna!’

‘Mér er alveg sama þótt fólk þið horfi á mig, mér finnst þetta flott. Ég VIL vera
25 svona!’

Og hárið á henni hætti að vera mjúkt, það varð hart eins og vír, og höfuðið á henni varð svo þungt að hún þurfti að halda því uppi, og hún þurfti að sofa sitjandi.

‘Eins og það skiptir máli, að sofa sitjandi! Mér finnst gott að sofa sitjandi!’

Svo varð það einn daginn að hún leit í spegil, og þá sá hún að hárið á henni var
30 pínulítið að verða grænt.

‘Eins og það skiptir máli! Það er bara kúl að vera með grænt hár! Ég VIL vera svona!’

Daginn eftir leit hún aftur í spegilinn, og þá var að vaxa gras upp á höfðinu á henni, og fíflar, og sóleyjar. Og flugur. Alveg tíu saman!

35 ‘Oj bara, flugur! Ég þoli ekki flugur! Hættið að elta mig, ógeðslegar flugur, ég vil ekki hafa YKKUR!’

Hún fór niður, og flugurnar eltu hana. Hún fór út, og flugurnar eltu hana. Hún fór aftur inn, og flugurnar eltu hana.

‘Farið burt, ógeðslegar flugur, oj bara!’

40 En hvað seig allt í einu niður á höfuðið á henni?

‘KONGULÓ! Æ, ekki konguló!! Ég er svo hrædd við kongulær!!! Mamma!

Mamma mín! Nú er ég bara tilbúin til að láta greiða mér... ’

Mamma hennar horfði á stelpuna sína sem var með gras og fífla og sóleyjar upp á höfðinu og sagði:

45 ‘Elsku Arnfríður mín! Nú er of seint að reyna að greiða þér! Við verðum að fara til rakarans. Kannski getur hann hjálpað okkur.’ Og þær fóru á hárgreiðslustofu, og rakarinn leit á stelpuna og hristi höfuðið. Hann varð að raka af henni allt hárið, svo Arnfríður var bara sköllótt!

En svo fór aftur að vaxa á henni hárið, og nú passar hún að greiða það á

50 hverjum degi...!

* benda = entanglement

Questions:

1. Translate lines 40-50 of the above text ('En hvað seig ... degi') into English.
2. Answer the following questions (a)-(e) in English:
 - (a) What kind of a girl is Arnfríður?
 - (b) Why does her father get angry with her?
 - (c) Why does she have to start sleeping upright?
 - (d) What does her hair eventually turn into?
 - (e) What makes Arnfríður change her mind in the end?
3. Write an Icelandic word that has an *opposite* meaning to EACH of the following words (a)-(e) below:
 - (a) ánægð (line 18)
 - (b) þungt (line 27)
 - (c) gott (line 28)
 - (d) ógeðslegar (line 35)
 - (e) seint (line 45)
4. Decline the nouns (a)-(e) below with the definite article, according to the following pattern:

stelpu: stelpan – stelpuna – stelpunni – stelpunnar

 - (a) hnakka (line 6)
 - (b) götu (line 22)
 - (c) spegil (line 29)
 - (d) gras (line 33)
 - (e) degi (line 50)

5. Give the cardinal forms (infinitive, present tense first person singular, past tense first person singular and plural) of the verbs in (a)-(e), according to the following pattern:

fór: að fara – fer – fór – fórum

- (a) hét (line 1)
 - (b) beit (line 14)
 - (c) varð (line 26)
 - (d) sá (line 29)
 - (e) vaxa (line 33)
6. Write the correct prepositions in place of the numerals in (a)-(e):
- (a) Ég ætla í sólarferð (1) Grikklands.
 - (b) Það er ekkert (2) sjónvarpi í kvöld.
 - (c) Þau fóru út og borðuðu (3) veitingahúsi í gærkvöldi.
 - (d) Krakkarnir koma (4) skólanum klukkan fjögur.
 - (e) Hann vill ekki tala (5) mig.
7. Write the correct form of the appropriate pronoun (personal/possessive/reflexive) in place of the numerals in (a)-(e). In each case, the pronoun in question refers to the subject.
- (a) Hún hlustar á mömmu (1) tala í útvarpinu.
 - (b) Passið (2)!
 - (c) Gleymdirðu veskinu (3)?
 - (d) Hún verður að þvo (4) eftir fótboltaleikinn.
 - (e) Strákarnir vilja fara heim til foreldra (5).

B. (40%) Write an essay in Icelandic (of AT LEAST 150 words) on ONE of the following topics:

1. Ísland.
2. Merkileg ferð.
3. Ég er svo hrædd/ur við...
4. Áhugi minn á tungumálum.
5. Lífið í Lundúnum.
6. Matur og heilsan.